

Lulu Munk Anderson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300Borgarnes

Reykjavík 23. febrúar 2015
UST201502-4714.3.2015 00:00:00
4.3.2015 00:00:00

Tillaga að deiliskipulagi lóðar í landi Húsafells

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lóðar í landi Húsafells.


Markmið deiliskipulagsins er að reisa sýningaskála, menningarhús og þjónustuhús, auk þes að gert er ráð fyrir að byggja upp legsteinasafn.


Staðhættir

Deiliskipulagssvæðið er á 9107 m² lóð í landi Húsafells II, sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í núgildandi aðalskipulagi. Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að öll jörðin Húsafell er hverfisvernduð, og skv. gildandi aðalskipulagi skal öllu raski haldið í lágmarki og við uppbyggingu verði sérstakt tillit tekið til vistkerfa er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig er heimil uppbygging mannvirkja sem þjóna svæðinu sem útivistarsvæði að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir deiliskipulagið. Stofnunin ítrekar umsögn sína um lýsingu skipulagsins að mikilvægt er að áætlaðar framkvæmdir falli vel að byggðinni sem fyrir er, og að sjónræn áhrif verði sem minnst. Einnig telur stofnunin mikilvægt að forðast verði allt óþarfa rask.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefnason
Sérfræðingur